

„Grafíkmyndir Dalis eru eftirprentanir“

— segir Ríkhartur Valtingoer Jóhannsson grafíklistamaður í grein í DB í dag um Dali-sýninguna á Kjarvalsstöðum — Sjá bls. 10-11

„Ekki trúi ég því að þeir, sem standa fyrir þessari sýningu gefviljandi rangar upplýsingar, miklu frekar að þekkingu þeirra á grafík og gobelínvefnaði sé ábótavant,“ segir í niðurlagi greinar, sem Ríkhartur Valtingoer Jóhannsson, grafíklistamaður, skrifar í DB í dag um sýningu á verkum Salvadors Dalis á Kjarvalsstöðum.

Í greininni heldur Ríkhartur því fram — og nefnir fjölda dæma máli sínu til stuðnings — að fæstar myndir Dalis á sýningunni séu raunverulegar grafíkmyndir, heldur eftirprentanir. Hann segir að fáir þekktir listamenn hafi lært eða unnið í grafík, sem sé seinleg vinna og upplag mjög takmark-


ad. „Nútíma prent- og ljósmynda-tækni hefur leyst þetta vandamál,“ sagði Ríkhartur Valtingoer í grein sinni. „Nú er hægt að taka listaverk, t.d. teikningu, vatnslitamynd eða málverk, ljósmynda það og litgreina og prenta á einn eða annan hátt. Listamaðurinn kemur oftast ekki nálægt því að gera prentmót sjálfur, sem er algjört skilyrði þess, að um orginal grafík sé að ræða.“

Ríkhartur segir enn fremur, að jafnvel áritun listamannsins á myndir af þessu tagi sé ekki trygging fyrir því að listamaðurinn hafi séð sína eigin „grafíkmynd“, því „oft á tíðum áritar hann einfaldlega auðan pappír, sem

siðan fer í prentsmiðju.“ Hann segir að í sýningarskrá sé aðferðum við gerð myndanna lýst á ónákvæman og beinlínis villandi hátt. Um tiltekið verk, Gobelinteppi ofið í París 1931 eftir fyrirmynd og undir stjórn Dalis, eins og segir í sýningarskrá, segir Ríkhartur að sé gróf blekking, því myndin sé prentuð, en ekki ofin.

Grein sína nefnir Ríkhartur „Dauða hænna, sem verpir gulleggjum.“

Konráð Axelsson í Myndkyningu, sem gengst fyrir sýningunni á Kjarvalsstöðum, vildi í morgun ekkert láta hafa eftir sér um efni greinar Ríkharts. — ÖV



Ekki er fært nema vei stúgvélum mönnum um Miðnesheiðina neðan við Rockwille stöðina, enda flæðir þar skolpið og annar óþverri eftir grassverðinum. DB-mynd H.V.

Herinn veitir skolpi í átt til Sandgerðis

— Óttast um vatnsmengun til viðbótar núverandi yfirborðsmengun á stóru svæði — Sjá bls. 24



HEYJUM BJARGAÐ MEÐ FROÐU

Heyfori vetrarins var í hættu. En slökkviliðið frá Neskaupstað kom að góðu gagni á dögnum, þegar það mætti með froðuefni sitt og slökkti í hinum erfiða eldi á stuttri stundu. Ungur bóndi í Norðfirði fékk þannig bjargað heyjum sínum, en venjulega eyðileggst hey gjörsamlega þegar svo illa vill til að eldur kviknar í því. Myndin er frá björgunarstarfinu. DB-mynd Skúli Hjaltason

Beta á að borga skatta sína, segja Bretar

— Sjá bls. 6-7, erlendar fréttir



Ísland með einn vinning gegn Filippseyjum

— ein skák í bið — Sjá íþróttir

Síðustu orð flugstjóra hrapandi potu

— Sjá bls. 6-7, erlendar fréttir

Mark á loka-sekúndunni færði HK sigur

— Sjá íþróttir í opnu

Albert vill rannsókn á SÍS:

OKKAR HLUTDEILD ER OF LÍTIL Á FLESTUM SVIÐUM

— segir Erlendur Einarsson, forstjóri SÍS

„Mér finnst það afar athyglisvert framtak hjá Albert Guðmundssyni alþingismanni að vilja stuðla að því, að Alþingi Íslendinga komist að raun um, að markaðshlutdeild Sambandsins og samvinnuhreyfingarinnar í samburði við aðila innan Verzlunarráðs Íslands og Vinnuveitendasambandsins, sé allt of lítil í flestum greinum verzlunar og viðskipta,“ sagði Erlendur Einarsson, forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga, í

viðtali við DB í morgun, er hann var spurður álits á þingsályktunartillögu Alberts Guðmundssonar, sem fram kom á Alþingi í gær.

„Það þarf vist ekki að efa, að alþingismanninum gangi gott eitt til, enda maðurinn lærður í Samvinnuskólanum hjá Jónasi Jónssyni frá Hríflu, þeim mikla samvinnuhugsjónamanni,“ sagði Erlendur.

Í greinargerð með tillögu Alberts, sem nánari grein er gerð fyrir á öðrum

stað í blaðinu, má meðal annars lesa: „Rannsóknarnefndin skal hafa rétt til að krefjast skýrslugerða og vitnisburða, bæði munnlega og bréflaga, hjá hlutaðeigandi aðilum og öðrum fyrirtækjum, embættismönnum og einstaklingum.“

Nefndinni skal veitt fjármagn til þess að tryggja sér sérfræðilega aðstoð.“

-BS.